



Minnisblað - verklýsing á úttekt stjórnsýslu, rekstrar og fjármála

Undirritaður hefur verið í samskiptum við Harald L. Haraldsson, hagfræðing, um að framkvæma á árinu ítarlega úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum Ísafjarðarbæjar í samræmi við bókun frá 1039. fundi bæjarráðs sem haldinn var 19. nóvember 2018.

Niðurstaða verkefnalýsingarinnar er eftirfarandi:

„Í verkefninu felst að gerð verður ítarleg úttekt á stjórnsýslu, rekstri, og fjármálum sveitarfélagsins ásamt því að gera tillögur til úrbóta. Í tillögunum verður horft til næstu 3-5 ára eftir því sem við á.

Úttektin byggir meðal annars á viðtölum við alla forstöðumenn stofnana og sviða, ásamt því að gera samanburð við rekstur annarra sveitafélaga. Niðurstaða úttektarinnar verður sett fram í skýrslu sem skiptist í tvo megin kafla, greiningu á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum annars vegar og tillögum til úrbóta hins vegar.

Í greiningunni verður íbúáþróunin skoðuð, greining á skuldum, veltu- og handbæru fé frá rekstri. Skoðað hvernig ársreikningur kemur út í samanburði við fjárhagsáætlun. Greining á rekstrarafkomu, launum og öðrum rekstrarútgjöldum. Ítarleg greining á tekjum sveitarfélagsins, samsetning þeirra o.s.frv. Þróun fjölda stöðugilda síðustu ár og þau borin saman við hjá öðrum sambærilegum sveitarfélögum að stærð. Gerð greining á hverri deild fyrir sig og hverri stofnun. Að lokum tillögur til úrbóta.“

Kostnaðurinn við vinnuna er 7 milljónir auk virðisaukaskatts. Undirritaður leggur til við bæjarráð að gera tillögu til bæjarstjórnar um að samþykkja að ganga til samninga við Harald L. Haraldsson og samþykkja framlagðan viðauka vegna málsins.